

Kennari: Magdalena Przewlocka

Megin markmið samfélagsfræðikennslu er að fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýnninn hátt. Samfélagsgreinar eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nær samfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi.

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í samfélagsfræði sett fram í þremur flokkum: reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur. Á bls. 194 – 206, í 24. kafla aðalnámskrár grunnskóla sem fjallar um samfélagsfræði má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Sjá:

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennsluhættir

Samfélagsfræði skiptist í þrennt: landafræði, trúarbragðafræði og sögukennslu. Eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverri önn en auk þess er lífsleikni samþætt inn í viðfangsefnin hverju sinni.

- Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru.
- Trúarbragðafræði eykur skilning á ríkjandi trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi.
- Í sögukennslunni er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma.

Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir s.s. einstaklingsvinnu, hópvinnu og leitarnám. Þannig þjálfast nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum, upplýsingalæsi, gagnrýnni hugsun, tjáningu og öðlast þannig betri skilning á sjálfum sér og því umhverfi og samfélagi sem þeir lifa í auk þess að eykst skilningur á viðhorfum og skoðunum annarra.

Námsgögn

Norðurlönd

Trúarbrögðin okkar

Jólaguðspjallið

Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum

Krakka RÚV – fréttir

Námsmat

Námsmatið myndar eina heild. Það er hluti af náms- og kennsluferlinu og skipulagt í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda. 30% virkni og 70% próf. Námsmatið er fjölbreytt og gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans.